

Leiðarljós

upphaf og staða framkvæmda

Þegar sú ákvörðun var tekin af hreppsnefnd Kjósarhrepps að leggja hitaveitu um sveitarfélagið þótti ekki annað koma til greina en að ráðast í að leggja ljósleiðararör samhliða hitaveitulögnum, þó svo að í upphafi hafi verið vitað að tengingu þyrfti að sækja um langa leið yfir í annað sveitarfélag. Hér var farið að ráðum færustu sérfræðinga.

Sótt hefur verið um styrki í verkefnið „Ísland ljóstengt“ og munu þeir nema allt að kr. 58.000.000,- Þegar hafa fengist styrkir að fjárhæð kr. 38.000.000,- en heildarkostnaður verkefnisins í árslok 2017 var rúmlegar kr. 75.000.000. Það hefði getað orðið dýrkeypt fyrir sveitarfélagið að bíða með þessa framkvæmd og grafa síðar aftur skurði um sveitarfélagið horna á milli, semja á ný við landeigendur og ráða nýja verktaka. Óvíst er einnig hvort opinberir styrkir til verkefnisins standi til boða síðar með sama hætti. Sveitarfélagið Kjós fékk ákveðinn forgang í styrkveitingu „Ísland ljóstengt“ vegna lagningar hitaveitunnar.

Einkahlutafélagið Kjósarveitur var stofnað í janúar 2015 um hitaveituframkvæmdirnar. Af hálfu hreppsnefndar og stjórnar félagsins var í upphafi ráð fyrir því gert að Kjósarveitur myndu sjá um framkvæmdir og rekstur ljósleiðaranetsins. Félagið var á fyrsta misseri framkvæmdanna í nánu sambandi við Gagnaveitu Reykjavíkur um ráðgjöf og hönnun.

Vegna laga og reglna sem gilda um rekstur veitufyrirtækja og með hliðsjón af opinberum styrkjum sem renna til ljósleiðaraverkefnisins þurfti að taka þá ákvörðun á haustdögum 2016 að færa allan rekstur ljósleiðaranetsins úr Kjósarveitum ehf. og tók einkahlutafélagið Leiðarljós ehf. yfir verkefnið. Hlutir í Kjósarveitum og Leiðarljósi eru að öllu leyti í eigu Kjósarhrepps. Stjórn Leiðarljóss ehf. er skipuð hreppsnefndarmönnum en oddviti hreppsnefndar er formaður stjórnar félagsins.

Áður en Leiðarljós ehf. var stofnað hafði ítrekað verið reynt að ná samkomulagi við stærstu fyrirtæki á ljósleiðaramarkaði, Gagnaveituna og Mílu. Niðurstaða úr öllum viðræðum við þessi fyrirtæki var með þeim hætti að þau kæmu ekki að þessum málum nema Kjósarhreppur myndi einn greiða stofnkostnað við verkefnið. Gagnaveitufyrirtækin vildu hins vegar í framhaldi eiga ljósleiðaraveituna og reka. Af þessari ástæðu m. a. var það ákvörðun hreppsnefndar Kjósarhrepps að stofna sérstakt félag um ljósleiðaraverkefnið og eiga það að öllu leyti.

Stjórn Leiðarljóss ehf. átti samstarf og fundi með sveitarfélaginu Rangárþingi ytra um ljósleiðaraframkvæmdina en verið var að leggja lokahönd á slíkt verkefni í Rangárþingi. Verkefnisstjóri við ljósleiðaravæðingu í Rangárþingi ytra var Guðmundur Daníelsson, sérfræðingur í hönnun ljósleiðaraneta. Leiðarljós ehf. gekk til samstarfs við Guðmund um að fullklára hönnun ljósleiðaranetsins í Kjósarhreppi og að stjórna verkefninu hér í sveit.

Leiðarljós ehf. og Kjósarhreppur hafa rétt til þess að tengja ljósleiðaranetið við veitu við Fólkvang á Kjalarnesi. Til þess að ljúka tengingu frá Fólkvangi þarf að ná samkomulagi við

Reykjavíkurborg sem fer með skipulagsvaldið á Kjalarnesi. Slíkt samkomulag liggur ekki enn á borðinu. Reykjavíkurborg hefur boðið Kjósarhreppi að leggja ljósleiðarastreng ásamt með þeim streng sem borgin hyggst leggja um dreifbýlið á Kjalarnesi. Að mati Kjósarhrepps myndi sú tilhögun tefja ljósleiðaravæðingu í Kjósarhreppi. Þessu hafa forsvarsmenn Kjósarhrepps og Leiðarljóss ekki viljað una.

Forsvarsmenn sveitarfélagsins og Leiðarljóss ehf. hafa átt ítrekuð samskipti við starfsmenn Reykjavíkurborgar vegna málsins og lagt fram áætlanir um lagningu ljósleiðarans. Samkvæmt þessum áætlunum er gert ráð fyrir því að Kjósarhreppur og Leiðarljós ehf. sjái um lagningu ljósleiðarans frá Fólkvangi að Kiðafelli og eigi hann og reki gegn því að íbúar og fyrirtæki á þessari leið greiði inntökugjöld með sambærilegum hætti og fasteignaeigendur og íbúar í Kjósarhreppi. Nýlega hafa átt sér stað samtöl milli forsvarsmanna hreppsins og Leiðarljóss við borgarstjórnann í Reykjavík um málið. Borgarstjórnin í Reykjavík segist nú hafa góða sýn á málið og kveðst hafa mikinn áhuga á því að vinna verkefninu skjótan framgang.

Eins og fram kom í fréttabréfi hreppsnefndar Kjósarhrepps, sem birtist nýlega á kjos.is, eru ljósleiðarastrengirnir komnir í hús. Ljúka þarf samningaviðræðum við Reykjavíkurborg um lagnaleiðina frá Fólkvangi og er þá hægt að hefja blástur ljósleiðarans um rörin að því gefnu að allt frost sé farið úr jörðu. Það er von hreppsnefndar og stjórnar Leiðarljóss ehf. að íbúar og fasteignaeigendur í Kjósarhreppi sýni framgangi verkefnisins skilning og sjái að sú ráðstöfun að ráðast í ljósleiðaraverkefnið samhliða hitaveituverkefninu hafi verið mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið til framtíðar.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Leiðarljóss.